

Barna- og ungmennaping 2023

Eftirfarandi ályktun kom frá börnum og ungmennum á Barna- og ungmennapingi á Akranesi dagana 7.- 9. nóvember 2023.

Akranes er að verða barnvænt sveitarfélag og því er mikilvægt að hlustað sé á börn og ungmenni og þeim gefið tækifæri til að tjá sínar skoðanir. Fulltrúar á þinginu óska eftir að enn frekar verði tekið tillit til þeirra skoðana og að þau fái aukin tækifæri til að hafa áhrif á mál sem varðar þau og þeirra líf.

Börn og ungmenni á Akranesi vilja meiri aðkomu að málum sem snúa að þeim. Þau vilja fá betri upplýsingar um stöðu mála, hvað á að gera og fá svör við þeim spurningum sem brenna á þeim. Þá finnst þeim einnig mikilvægt að fá tækifæri til að hafa áhrif á þær breytingar sem unnið er að í bænum. Í þessu samhengi nefna þau t.d. þær breytingar sem er verið er að vinna að í grunnskólum bæjarins vegna húsnæðisvanda, mötuneytismál skólanna, forvarnarmál, samskipti milli skólanna, aukna þjónustu tengda andlegri líðan, skipulagsmál varðandi skólanna og afþreyingarmöguleika fyrir börn og ungmenni á Akranesi.

Fulltrúar á Barna- og ungmennapinginu leggja til að skapaður verði samskiptavettvangur, þar sem börn, stjórnendur, bæjarstjórn o.fl., koma saman reglulega og ræða um mikilvæg málefni sem snúa að börnum og ungmennum á Akranesi. Vettvangur, þar sem börn og ungmenni geta komið sínum málefnum reglulega á framfæri, þar sem hlustað er á þau og þau fái upplýsingar um hvernig brugðist er við erindum þeirra og í hvaða farveg þau fara.

Einnig hvetur Barna- og ungmennapingið bæjarfulltrúa, bæjarstarfsmenn og ábyrgðaraðila barnvæns sveitarfélags að koma reglulega í skólanna og tala við börn og unglunga þar sem þau eru.